

## 139. Stjórnarfundur Sorpstöðvar Suðurlands

haldinn að Austurvegi 56, fimmtudaginn 22. febrúar kl. 9:30

Mætt. Elfa Dögg Þórðardóttir, Ólafur Áki Ragnarsson, Örn Þórðarson, og Guðmundur Tryggvi Ólafsson sem ritaði fundargerð.

Gestir fundarins sem komu inn á fund kl 10:00 og tóku þá í umræðum um 2. dagsrárlið fundarins voru : Cornellis A. Myles, Helgi Jensson, Sigurður Örn Guðleifsson Viktor Pálsson, Halldór Runólfsson

### 1. Meðhöndlun sláturúrgangs.

Unnið er að heildarlausn á málinu. Heildarstefna í úrgansstjórnun er í endurskoðun. Tekið við sláturúrgangi á Kirkjuferjuháleigu meðan stefna er í mótun.

### 2. Móttaka á riðusmituðum úrgangi.

Farið yfir eyðingu á riðusmituðum sauðfjárúrgangi í þátíð, nútíð og framtíð. Yfirdýralæknir óskar eftir að fá að urða um 375 kindur sem skornar eru niður vegna riðu. Að uppfylltu skilyrði um undanþágu frá Umhverfisstofnun fellst Sorpstöð Suðurlands á móttöku á umræddum úrgangi á Kirkjuferjuháleigu. Sorpstöð Suðurlands skorar á stjórnvöld að finna án tafar lausn á eyðingu smitaðs úrgangs og móta framtíðarstefnu þar um, enda sé það stefna stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands að hætta móttöku á slíkum úrgangi.

### 3. Önnur mál.

Breyting á gjaldskrá.

Sorpstöð Suðurlands áskilur sér rétt til að leggja ofan á gjaldskrá álag vegna óhefðbundins úrgangs, enda fylgi meðhöndlun úrgangsins aukin kostnaður. Ákvörðun tekur gildi 1. febrúar 2007.

Fundi slitið kl 11:55.